

Fundargerð Formannafundur BFSÍ 2022

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **13.3.2022**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson (BFSÍ), Albert Ólafsson (BFSÍ), Astrid Daxböck, Haraldur Gústafsson (Skaust), Sveinn Stefánsson (Hrói Höttur), Izaar Arnar Þorsteinsson (Akur), Oliver Ormar Ingvarsson (Boginn), Kristján Guðni Sigurðsson (Skotísa), Valgerður Einarsdóttir Hjaltsted (BFSÍ) og Ólafur Gíslason (skoðunarmaður).**

Fulltrúar frá Tindastól, Eflingu og Freyju boðuðu forföll. Fulltrúi frá Skyttum og Gunnar skoðunarmaður skráðu sig en mættu ekki til fundar.

Fundargerð ritaði: **Guðmundur Örn Guðjónsson**

1. Fundur settur af formanni BFSÍ kl. **13:05**
2. Engin gest ávörp voru á formannafundinum að þessu sinni.
3. Skýrsla stjórnar.
Formaður BFSÍ fer yfir skýrslu stjórnar í grófum dráttum fyrir almanaksárið 2021. Eftir að formaður lauk yfirferð sinni opnaði formaður orðið fyrir spurningum eða athugasemdum og enginn óskaði eftir orðinu tengt Skýrslu stjórnar.
4. Reikningar BFSÍ.
Gjaldkeri BFSÍ fer yfir ársreikning BFSÍ 2021 í grófum dráttum. Eftir að gjaldkeri lauk yfirferð sinni opnaði formaður orðið fyrir spurningum eða athugasemdum. Ein spurning barst um hvort að mögulegt væri að sundurliða kostnað fyrir hvert mót sér í framtíðinni. Svar formanns og gjaldkera BFSÍ var að það yrði erfitt þar sem BFSÍ er að halda um 25 mót á ári og margur kostnaður mótasviðs er sameiginlegur milli móta, en þeir tjáðust myndu skoða hvað væri mögulegt fyrir næsta ársreikning. Formaður bað um orðið og gaf betri skýringu á mannvirkjakostnaði og starfsmannakostnaði og hvernig hann tengdist inn í s.s. Afreksstarf og kröfur sem liggja á BFSÍ gagnvart því, sérstaklega þar sem BFSÍ er orðið B/Alþjóðlegtsamband. Enginn annar var með athugasemdir eða spurningar tengt ársreikningi BFSÍ 2021.
5. Afreksstefna BFSÍ.
Formaður kynnti Afreksstefnu BFSÍ og fór yfir hana í grófum dráttum. Formaður benti á nokkur atriði sem þyrfti líklega að gera litlar breytingar á Afreksstefnunni fyrir bogfimiþing 2023, s.s. A/B/C flokkun á mótum og að eitt af markmiðum í Afreksstefnu BFSÍ er ill mælanlegt og væri betra að breyta markmiðinu í mælanlegra markmið. Formaður fór einnig yfir þær kröfur sem gerðar eru fyrir A/Afrekssársambönd og hvaða umgjörð þarf að vera til staðar sem unnið er að því að byggja upp. Markmið BFSÍ er á endanum að verða A/Afrekssársamband í framtíðinni. Formaður opnaði fyrir orðið en engar athugasemdir eða spurningar voru tengdar Afreksstefnu BFSÍ.
6. Aðgerðaáætlun BFSÍ.
Formaður kynnti Aðgerðaáætlun BFSÍ en þar sem fjallað var um stöðu mála í aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ í skýrslu stjórnar hafði hann það stutt. Formaður opnaði fyrir orðið en engar athugasemdir eða spurningar voru tengdar aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ.
7. Fundi slitið kl. **14:02**